

Róbert Daníel Jónsson

Garðabær, 26. mars 2025
202503-0222/P.V.B.
10.02.01

Efni: Leyfi fyrir notkun dróna inna Hornstrandafriðlandsins

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Róberts Daníels Jónssonar, dagsett 14. mars 2025, um leyfi til drónaflugs innan Hornstrandafriðlandsins.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Á Hornströndum er að finna 7 alþjóðlega mikilvæg fuglabjörg. Ekki er veitt leyfi til að fljúga yfir bjargbrúnir þeirra, eða í grennd við þau. Á þeirri leið sem umsækjandi fjallar um, eru fuglabjörgin, Hornbjarg, Drífundis-/Smiðjuvíkurbjarg.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að nota dróna við myndatöku þar sem ferðast verður á göngu milli Hornbjargsvita og Reykjafjarðar. Lágmarksflughæð yrði 100 metrar. Drónaflugið færi fram á tímabilinu 27. júní til 1. júlí 2025.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni líklegt til að hafa mikil áhrif á verndargildi og náttúrufar á svæðinu ef flogið er á viðkvæmum lífríkissvæðum svo sem við fuglabjörg á meðan flugið færi fram. Einnig gæti flugið haft neikvæð áhrif á gesti svæðisins sem leita í kyrrðarupplifun á svæðinu á sama tíma og það fer fram. Stofnunin telur að hægt sé að takmarka neikvæð áhrif flugsins sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Róbert Daníel Jónssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir notkun dróna innan Hornstrandafriðlandsins sbr. lýsingu hér að ofan 27. júní til 1. júlí 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan dvalið er á svæðinu.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á Hornstrandarstofu hvenær farið er inn á svæðið.**

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir drónafluginu/kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- **Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram þegar annað fólk er ekki í grenndinni.**
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins, upplifun gesta og öryggi þeirra eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum þ.m.t. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla. Óheimilt er að nota drónann til að elta fugla eða önnur dýr.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaðra loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.
- Drónaflug er óheimilt yfir bjargbrún eða í grennd við fuglabjörginn Hornbjarg og Smiðjuvíkur-/Drífandisbjarg. Halda skal að lágmarki 200 metra fjarlægð frá björgunum þegar flogið er.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn vegna ómannaðra loftfara einstaklinga til einkanota á allt að tveimur friðlýstum svæðum er kr. **41.600.** sbr. 29. gr. c. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Kristín Ósk Jónasdóttir

svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur